KPMG

# Ársyfirlit og sjálfbærniskýrsla

**Yfirlit yfir rekstur félagsins 2021/2022 og skuldbindingar með tilliti til umhverfis, fólks, stjórnarhátta og hagsældar**

Desember 2022

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

# Vöxtur á traustum grunni

Kæri hagaðili okkar hjá KPMG.

Rekstrarári okkar hjá KPMG ehf. lauk núna þann 30. september 2022 sem jafnframt var 47. rekstrarár félagsins. KPMG er áfram leiðandi aðili á þeim markaði sem félagið starfar og veitir breiða sérfræðiþjónustu til viðskiptavina sinna. Starfsfólk félagsins er nú um 300 og viðskiptavinir okkar eru nokkur þúsund, stórir sem smáir.

Ársreikningur KPMG á Íslandi tekur til reikningsársins 1. október 2021 til 30. september 2022. Rekstur á liðnu reikningsári var góður og í samræmi við væntingar. Rekstrartekjur námu 5.891 millj. kr. og jukust um 11,1% frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam 527 millj. kr. samanborið við 474 millj. kr. hagnað á fyrra ári.

Gert er ráð fyrir að eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu á komandi rekstrarárum verði góð. Megin óvissa í starfsemi félagsins felst í almennum efnahagshorfum. Þar hefur meðal annars áhrif launaþróun á Íslandi, aukin verðbólga og hærra vaxtastig. Eignir samstæðunnar í septemberlok ársins 2022 námu 2.247 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 32%, samanborið við 31% árið áður. Ársreikningur félagsins er í heild sinni viðauki við þessa skýrslu og vísast til hans varðandi frekari upplýsingar.

## Mikil og breið þekking

Við hjá KPMG leggjum mikla áherslu á að veita viðskiptavinum okkar þjónustu um allt land og starfrækjum við starfsstöðvar vítt og breitt um landið til að vera nálægt þeim. Við veitum ráðgjöf og þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, bókhalds, skattskila og viðskiptaráðgjafar með það að sjónarmiði að vera sá trausti samstarfsaðili sem viðskiptavinir okkar geta leitað til varðandi áskoranir í sínum rekstri. Styrkur KPMG felst í þessari breidd og þeirri miklu og fjölbreyttu flóru sérfræðinga á mörgum sviðum sem vinna þétt saman, viðskiptavinum og samfélaginu öllu til hagsbóta.

Stjórnendur félagsins hafa unnið að stefnumótun félagsins til ársins 2025 þar sem meginstefið er að vinna betur saman sem heild þvert á fyrirtækið og þjónustulínur. Félagið stefnir á frekari vöxt sem byggir á sterkum grunni félagsins. Drifkraftar í stefnunni er ánægt starfsfólk, að vera augljóst val viðskiptavina og að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Undirstöðurnar liggja í okkar breiðu þekkingu og skilvirkni í ferlum og nýtingu á tækni.

KPMG vinnur markvisst að stafrænni þróun og umbótum á ferlum félagsins. Sem hluti af stafrænni vegferð félagsins, vann KPMG meðal annars að innleiðingu á nýju fjárhagskerfi á árinu sem og nýju tímaskráningarkerfi sem var innleitt 1. október 2022.

Á árinu festi félagið kaup á RR ráðgjöf sem er sérhæft ráðgjafarfyrirtæki í þjónustu við sveitarfélög, sem og rekstri OZIO, sem sérhæfir sig í ráðgjöf og hugbúnaðarþróun á stafrænum lausnum fyrir Microsoft vinnuumhverfið. Kaupin eru þáttur í stefnu félagsins þegar kemur að stafrænum lausnum í þjónustuframboði félagsins.

## Vinnuumhverfi framtíðarinnar

Á árinu var unnið að endurbótum á höfuðstöðvum félagsins í Borgartúni 27 ásamt skrifstofuhúsnæði í Hafnarfirði og á Akranesi. Ákveðið var að fara í verkefnamiðað vinnuumhverfi sem styður vel við stefnu félagsins þegar kemur að sveigjanleika og vellíðan starfsfólks sem og markmiðum félagsins um vöxt. Stefnt er að því að fá Svansvottun, sem leggur áherslu á heilsu og vellíðan starfsfólks, á endurbætur á húsnæðinu í Borgartúni 27 í samvinnu við BYGG

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

sem eru eigendur hússins. Áætlað er að framkvæmdum í Borgartúni 27 muni ljúka á vormánuðum 2023. Þegar framkvæmdum verður lokið á höfuðborgarsvæðinu verður farið í að samræma húsnæðisupplifun á starfsstöðvum félagsins um allt land en félagið starfrækir skrifstofurými á 16 stöðum á landinu.

## Betri saman

Okkar helsta auðlind er starfsfólkið okkar og við leggjum áherslu á að skapa því framúrskarandi starfsumhverfi og gefa því færi á að fást við viðfangsefni og áskoranir með skýran tilgang.

Á síðasta rekstrarári hleyptum við af stokkunum verkefni innan fyrirtækisins undir yfirskriftinni „Betri saman“. Með því viljum auka samstarf starfsfólks þvert á fyrirtækið og leggja áherslu á mikilvægi þess að nýta þá reynslu og miklu þekkingu sem til staðar er innan KPMG. Með þeim hætti getum við ávallt boðið viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu. Verkefninu hefur verið vel tekið meðal starfsfólks og hafa meðal annars verið haldnir hópeflisdagar, ný samskiptatól hafa verið innleidd og aukin áhersla verður lögð á þjálfun í samskiptum við viðskiptavini. Okkar hlutverk er að skapa traust í viðskiptalífinu og er Betri saman eitt af þeim verkefnum sem hjálpar okkur að axla það hlutverk af ábyrgð.

## Í forystu í sjálfbærni

KPMG ætlar sér að vera í fararbroddi í sjálfbærnimálum, bæði þeim sem snúa að rekstri okkar og umhverfi, sem og því að miðla reynslu okkar til viðskiptavina og styðja þá á þeirra sjálfbærnivegferð. Við höfum á að skipa öflugum sérfræðingum á sviði sjálfbærni þegar kemur að ráðgjöf, vottunum og staðfestingarvinnu. Félagið hefur sett sér sjálfbærnistefnu sem birtist í þessari skýrslu og við leggjum á það áherslu að ganga á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Það eru afar spennandi tímar framundan sem fela einnig í sér ýmsar áskoranir. Starfsfólk okkar hefur unnið frábært starf á nýliðnu rekstrarári, oft við krefjandi aðstæður meðal annars tengdum COVID og breytingum tengdum húsnæðismálum. Við erum mjög þakklát fyrir þeirra mikilvæga framlag og án þeirra væri þessi árangur ekki mögulegur. Jafnframt þökkum við viðskiptavinum okkar fyrir það traust sem þeir sýna okkur og við munum áfram leggja okkur öll fram við að standa undir því trausti.



**Hlynur Sigurðsson**
Framkvæmdastjóri

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld


# Rekstur & starfsemi



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Lykiltölur úr rekstri

## Rekstrartekjur

5.891 mkr.

5.303 mkr. 2020/2021

## Eiginfjárhlutfall

32%

31% 2020/2021

## Hagnaður ársins

527 mkr.

474 mkr. 2020/2021

## Eignir

2.247 mkr.

2.159 mkr. 2020/2021

## Veltufjárhlutfall

1,2

1,3 2020/2021

## Eigið fé

724 mkr.

661 mkr. 2020/2021



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

# Starfsemi

KPMG á Íslandi er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu 35 hluthafa sem allir eru starfsfólk félagsins. KPMG ehf. heldur á sérleyfi frá KPMG Global og lýtur eftirliti og kröfum þaðan. Hluthöfum fjölgaði um einn milli ára. Hlutafé félagsins nam 35 millj. kr. í árslok.

## Rekstri félagsins er skipt upp í fimm svið

- Endurskoðunarsvið
- KPMG Law
- Ráðgjafarsvið
- Bókhaldssvið
- Þróun og rekstur

## Framkvæmdastjórn KPMG

Svanbjörn Thoroddsen sviðsstjóri ráðgjafarsviðs

Sigrún Kristjánsdóttir sviðsstjóri þróunar og reksturs

Erik Christianson Chaillot mannauðsstjóri

Soffía Eydís Björgvinsdóttir sviðsstjóri KPMG Law

Magnús Jónsson sviðsstjóri endurskoðunarsviðs

Hlynur Sigurðsson framkvæmdastjóri

Birna M. Rannversdóttir sviðsstjóri bókhaldssviðs

Auður Þórisdóttir forstöðumaður áhættustýringar og óhæðis



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld



## Stjórn KPMG

Magnús Erlendsson

Hrafnhildur Helgadóttir
stjórnarformaður

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Haraldur Örn Reynisson

Ágúst Karl Guðmundsson

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis-
og loftslagsmál)

Hagsæld

# Víðtæk þjónusta um allt land



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Endurskoðun og tengd þjónusta

**Ein umfangsmesta þjónustan sem KPMG veitir sínum viðskiptavinum er á sviði endurskoðunar og reikningsskila, en að auki veitum við viðskiptavinum okkar ýmsa aðra þjónustu og ráðgjöf. Starfsfólk sem sinnir þessari þjónustu telur yfir 100 manns og er staðsett vítt og breitt um landi.**

Reksturinn gekk mjög vel á árinu og nam tekjuaukning vegna endurskoðunar og tengdrar þjónustu ríflega 6% og var afkoman góð þegar horft er til helstu lykilmælikvarða. Þá er ánægjulegt að sjá að þegar horft er til mælikvarða er snúa að starfsfólki þá eru niðurstöðurnar mjög jákvæðar.

Á árinu var unnið að stefnumótun félagsins til næstu ára og markmið okkar er að endurskoðun og tengd þjónusta haldi áfram að vaxa á þeim trausta grunni sem rekstur sviðsins byggir á. Við veitum fjölda viðskiptavina mjög fjölbreytta þjónustu og höfum á að skipa sérhæfðu starfsfólki sem ætíð er reiðubúið að veita viðskiptavinum okkar og starfsfólki ráðgjöf við úrlausn flókinna viðfangsefna á sviði endurskoðunar, reikningsskila og tengdrar þjónustu. Viljum við sækja fram á þessum grunni með skipulögðum og metnaðarfullum hætti án þess að óhæði okkar sem endurskoðenda sé ógnað. Það liggja tækifæri í að kynna viðskiptavinum okkar enn betur þá þekkingu og lausnir sem við höfum byggt upp þvert á félagið. Þá munum vil leggja aukna áherslu, annars vegar á sjálfbærni og staðfestingar tengdar þeim og hins vegar á stafræna þróun og nýtingu á starfrænum lausnum.

Við þurfum því að fjárfesta áfram í þekkingu starfsfólks, tækni og nýta okkur hversu öflugt samfélag sérfræðinga KPMG er á alþjóðavísu. Þar horfum við sérstaklega til samstarfs innan Norðurlandanna sem sífellt er að eflast og koma aukin tengsl okkar og alþjóðleg þekking viðskiptavinum okkar ávallt til góða.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Ráðgjafarþjónusta

KPMG veitir fyrirtækjum fjölbreytta þjónustu á sviði ráðgjafar og starfa um 60 sérfræðingar við ráðgjöf hjá félaginu. Að auki vinnum við mikið með öðrum aðildarfyrirtækjum KPMG um allan heim til þess að draga að bestu þekkingu í þeim verkefnum sem við tökum að okkur. Viðskiptavinir okkar í ráðgjöf eru fyrirtæki af öllum stærðum, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar.

Vöxtur í ráðgjafarþjónustu var 16% á milli ára og skiptist þjónusta okkar í fjóra megin þætti, sem við skilgreinum út frá helstu viðfangsefnum viðskiptavina.

## Bættur árangur í rekstri

Stjórnendur eru sífellt að leita leiða til þess að bæta árangur í rekstri og eru leiðirnar á mjög mörgum sviðum. Þetta getur falið í sér breytingar á stefnu, ferlum, skipulagi eða áherslum í rekstri. Bættur árangur getur líka falið í sér kaup eða sölu félaga eða rekstrareininga. Með breidd í þekkingu og reynslu getum við aðstoðað við að bæta árangur hvers viðskiptavinar út frá þeirra þörfum og viðfangsefnum.

## Stafræn vegferð

Nýting á tækni til að auka skilvirkni í rekstri, nýting gagna og viðmót gagnvart viðskiptavinum á stafrænum miðlum er lykilatriði í rekstri allra fyrirtækja og stofnana. Því er það hluti af öllum verkefnum okkar, en jafnframt erum við að leiða mörg stór verkefni við stafræna stefnumótun og umbreytingar, bætta nýtingu gagna og innleiðingu nýrra kerfa.

## Sjálfbærni

Í sjálfbærniteymi KPMG eru sérfræðingar með mikla og breiða þekkingu á sjálfbærnimálum, sem eru í mikilli þróun um allan heim. Áherslur á sjálfbærni eru sífellt veigameiri í rekstri og fleiri að átta sig á því að það er ekki aðeins mikilvægt fyrir samfélagið og umhverfið, heldur líka mikilvægt til að ná góðum árangri í rekstri að vera með réttar áherslur og aðgerðir í sjálfbærni. Meginviðfangsefni ráðgjafarsviðs eru stefnumótun í sjálfbærni, græn fjármögnun, stjórnarhættir, loftslagsmál, hringrásarhagkerfið og skýrslu- og upplýsingagjöf.

## Áhættustjórnun

Fjármálamarkaðurinn er stærstur þegar kemur að viðskiptavinum í áhættustjórnun, en sérfræðingar okkar aðstoða stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki í öllum greinum við að greina mæla og stýra áhættu. Jafnframt aðstoðum við viðskiptavini við fylgni við lög og reglur og að fylgjast með breytingum í laga- og regluumhverfi þeirra.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Bókhalds- og launaþjónusta

Yfir 60 sérfræðingar starfa við bókhalds- og launaþjónustu KPMG og hefur umfang starfseminnar aukist verulega síðustu ár og heldur áfram að vaxa. Á starfsárinu jókst velta um 13% og nemur velta af bókhalds- og launaþjónustu um 15% af heildarveltu KPMG.

Stjórnendur fyrirtækja sjá í auknum mæli hag í að útvista bókhalds- og launavinnslu. Það á ekki síst við þegar sveiflur eru í rekstrinum og nauðsynlegt getur verið að draga saman seglin eða bæta í. Þá er mikill kostur að hafa sveigjanleika í magni þjónustunnar án þess að það kalli á breytingar í fjölda starfsfólks.

Að veita góða þjónustu skiptir okkur miklu máli og viðskiptavinir í bókhaldi hafa möguleika á að skila öllum gögnum rafrænt og fá yfirlit um stöðu fyrirtækisins og lykil fjárhagsupplýsingar í rauntíma. Markmiðið er að spara stjórnendum tíma, fyrirhöfn og áhyggjur ásamt því að auðvelda þeim ákvörðunartöku í rekstri sínum.

Sérfræðingar í bókhalds og launvinnslu vinna þétt með öðrum sérfræðingum KPMG og vinna þannig saman að því að leita bestu lausna hverju sinni fyrir viðskiptavini KPMG.



KPMG

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Lögfræði og skattaþjónusta

KPMG Law veitir bæði skatta- og lögfræðiþjónustu hjá KPMG á Íslandi. KPMG Law starfar náið með öðrum sérfræðingum KPMG sem gerir okkur kleift að veita þjónustu á breiðum grunni, hvort sem er á sviðum lögfræði, skattamála, fjármála eða rekstrar.

KPMG Law er lögmannsstofa, búin sérfræðingum á ýmsum sviðum lögfræðinnar með mikla reynslu og er aðili að KPMG Global í gegnum sérleyfi KPMG ehf. KPMG Law lýtur þannig sama eftirliti frá KPMG Global og KPMG ehf. og heyrir undir sömu reglur þegar kemur að stofnun viðskipta og óhæðisreglum.

Samtals starfa á þriðja tug lögmanna, lögfræðinga, endurskoðenda og annarra sérfræðinga við að veita ráðgjöf og ýmsa aðra þjónustu til bæði innlendra og erlendra viðskiptavina.

Alþjóðlegt tengslanet KPMG Law veitir viðskiptavinum félagsins aðgang að allri nauðsynlegri lögfræðiráðgjöf um allan heim með skilvirkum og hagkvæmum hætti. Hið sama má segja um víðtækt net sérfræðinga í skattaráðgjöf og sérhæfðum skattskilum á alþjóðlegum vettvangi KPMG sem okkar starfsfólk hefur aðgang að. Styrkleikar KPMG Law felast því í umfangsmiklu tengslaneti og breiðu þjónustuframboði.

Helstu verkefni KPMG Law á árinu voru í tengslum við aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja, endurskipulagningar samstæðna, fjármögnunar á félögum ásamt almennri skatta- og lögfræðiþjónustu til fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Þá er vert að nefna þjónustu KPMG Law við framkvæmd áreiðanleikakannana ásamt fjölbreyttri þjónustu til nýsköpunar- og hraðvaxtafélaga.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Betri saman

**Á liðnu ári höfum við fléttað einkunnarorðin „betri saman“ inn í okkar vinnustaðamenningu. Betri saman þýðir að við vinnum saman sem lið og horfum út fyrir okkar eigin verkefni. Þannig þekkjum við og tengjum saman styrkleika hvers annars og getum boðið okkar viðskiptavinum fjölbreytta sérfræðiþekkingu.**

Betri saman er ekki eingöngu gagnlegt innanhúss heldur líka fyrir okkar viðskiptavini sem fá aðgang að fjölbreyttri sérfræðiþekkingu á einum stað. Ef við vinnum þétt saman og nýtum þá breiðu þekkingu sem er til staðar innan okkar raða, aukum við verðmæti þjónustu við okkar viðskiptavini.

Betri saman er nú orðið þekkt á meðal okkar fólks hjá KPMG og reynum við ávallt að hafa það í huga í í okkar daglegu störfum. Við héldum “betri saman daginn” þar sem starfsfólk kom saman í hópavinnu og skemmtun. Í hverri viku erum við betri saman á fimmtudögum, en þá er markmiðið að flest starfsfólk mæti á starfsstöðvar félagsins og taki þátt í stærri fundum og viðburðum.

Á árinu hófum við endurbætur á húsnæði fyrirtækisins og innleiðing á nýju vinnuumhverfi. Einn liður í þeirri innleiðingu er frjálst sætaval starfsfólks, sem færir fólk nær hvert öðru og gefur okkur færi á að nýta enn betur þá fjölbreyttu þekkingu sem býr í starfsfólki KPMG.

> **Hvert fyrir sig erum við sérfræðingar. Saman búum við yfir þekkingu sem enginn getur jafnað.**







Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

Þekkingarmiðlun

# Helstu fundir og námskeið ársins

Á hverju ári heldur KPMG námskeið, fundi og opna viðburði þar sem fjallað er um fjölbreytt viðfangsefni er tengjast rekstri fyrirtækja. Við viljum þakka þeim sem mættu á viðburðina hjá okkur á árinu.




**13. október 2021**

## Reikningsskil sveitarfélaga

Breytingar um reikningsskil sveitarfélaga og áhrif þeirra á rekstur, fjármál og stjórnsýslu sveitarfélaga.

**8. desember 2021**

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Námskeið fyrir viðskiptavini KPMG.

**9. desember 2021**

## Áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil

Námskeið fyrir viðskiptavini KPMG.

**15. desember 2021**

## Góðir stjórnarhættir

Námskeið fyrir viðskiptavini KPMG.

**11. janúar 2022**

## Ferðaþjónusta nýrra tíma – Nýársmálstofa ferðaþjónustunnar

KPMG, Samtök ferðaþjónustunnar og Íslenski ferðaklasinn um tækifæri og áskoranir framundan.

**2. febrúar 2022**

## Fjárhagsstaða ferðaþjónustunnar

Niðurstöður greiningar KPMG á fjárhagsstöðu ferðaþjónustunnar fyrir Ferðamálastofu.

**3. febrúar 2022**

## Skattafróðleikur KPMG

Skattabreytingar á árinu 2022 og ýmis skattaleg málefni tengd fjarvinnu og tæknibreytingum.

**24. febrúar 2022**

## Markmiðasetning í fjármálum sveitarfélaga

Aðferðir og verkfæri sem nýtast sveitarfélögum við að bæta rekstur, fjármál og stjórnsýslu.

**1. mars 2022**

## Við komum til þín

KPMG og Markaðsstofa norðurlands kynntu niðurstöður greininga á stöðu ferðaþjónustu á Norðurlandi.

**27. júní 2022**

## Framtíð rafmynta

Morgunfundur KPMG um rafmyntir frá ýmsum sjónarhornum.

Frá framkvæmdastjóra

**REKSTUR & STARFSEMI**

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

**SJÁLFBÆRNI**

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld


KPMG

# Sjálfbærni



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Í átt að sjálfbærari heimi

**Þessi skýrsla inniheldur stefnu okkar og upplýsingar um sjálfbærnimál. Hún er einnig skýrsla til sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni (UN Global Compact) og framvinduskýrsla vegna Loftslagsyfirlýsingar Festu og Reykjavíkurborgar.**

Áherslan á sjálfbærni síðustu ára hefur ýtt undir mikilvægi félagslegs og umhverfislegs jafnvægis hjá fyrirtækjum. Sjálfbærniþættir sem fyrirtæki ættu að vinna að eru víðtæk. Auk þess að vera arðbær þurfa fyrirtækin að viðhafa góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði og styðja við félagslegt og umhverfislegt jafnvægi. KPMG er, eins og önnur fyrirtæki, á vegferð í átt að aukinni sjálfbærni og er þetta í annað sinn sem við gefum út sjálfbærniskýrslu. Skýrslan byggir á vinnu okkar á síðasta starfsári sem unnin var á grundvelli mikilvægisgreiningar. Ásamt því að vinna að eigin sjálfbærnivegferð leggjum við áherslu á að efla þjónustu á sviði sjálfbærni fyrir viðskiptavini okkar og samþætta sjálfbærnihugsun inn í sem flesta þjónustuþætti.

Lykilverkefni í innra starfi á árinu var innleiðing nýrrar vinnustaðastefnu þar sem leiðarljósið er traust, góð samskipti og sveigjanleiki. Við héldum í fyrsta sinn fræðslu fyrir starfsfólkið okkar um sjálfbærni og framkvæmdum í fyrsta sinn sálfræðilegt áhættumat. Hafist var handa við breytingar á húsnæði okkar en þær framkvæmdir halda áfram fram á næsta ár. Breytingar á húsnæði okkar í Borgartúni eru í Svansvottunarferli og áætlað er að breytingarnar verðir vottaðar á næsta ári. Svansvottunin var valin umfram aðrar vottanir þar sem sú vottun tekur ekki eingöngu til umhverfisvænnar efnisnotkunar við endurbætur heldur einnig til heilsusamlegs vinnuumhverfis. Við héldum áfram með starfsnám fyrir háskólanemendur en markmið okkar eru að starfsnámið sé bæði er áhugavert og hagnýtt fyrir nemendur ásamt því að skapa virði fyrir þá og félagið.

Sem leiðandi þekkingarfyrirtæki getur KPMG haft áhrif innan virðiskeðju sinnar og leitar leiða til þess að deila þekkingu sinni. Við leggjum áherslu á að hjálpa viðskiptavinum okkar að skilja ávinninginn af því að innleiða sjálfbærni og aðstoðum þá í átt að markmiðum sínum. Sérfræðingar sjálfbærniteymisins vinna þvert á sjálfbærnimengið og á árinu héldum við áfram að vinna í sjálfbærum fjármálum til þess að hjálpa og hvetja fjármálamarkaðinn í að fjármagna þá umbyltingu sem við þurfum í átt að sjálfbærum heimi. Við lögðum áherslu á að hjálpa viðskiptavinum okkar að innleiða sjálfbærni með markvissum hætti í reksturinn meðal annars með skýrum ferlum og upplýsingagjöf, ásamt því að leiða greiningarvinnu til að skilgreina áhættu, mæla losun gróðurhúsalofttegunda og meta lífsferilsáhrif. Auk þess að vinna á innlendum markaði voru sérfræðingar sjálfbærniteymis KPMG á Íslandi fengnir inn í verkefni í Kanada, Noregi, Danmörku og Þýskalandi þar sem sérfræðiþekking og reynsla þeirra er eftirsóknarverð.

Á næsta ári munum við vinna eftir aðgerðaráætlun í sjálfbærni í innra starfi með sérstaka áherslu á fólkið okkar, vellíðan þess og starfsþróun. Hvað varðar viðskiptavini munum við halda áfram að styðja við fjármálamarkaðinn á vegferð sinni og aðlögun að komandi lagabreytingum. Fyrir önnur fyrirtæki verður áherslan á aðstoð við markvissari innleiðingu sjálfbærnimála með skýrum gæðaferlum og upplýsingagjöf sem er í samræmi við komandi löggjöf frá Evrópu.



**Hafþór Ægir Sigurjónsson**
Forstöðumaður sjálfbærni

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Sjálfbærni hjá KPMG

**Stefna KPMG á Íslandi byggir á þremur drifkröftum: Ánægju starfsfólks, að vera augljóst val viðskiptavina og hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Drifkraftar okkar standa á tveimur undirstöðum, því að vera betri saman, þ.e. að nýta breiða þekkingu okkar og fjölbreyttan bakgrunn fyrir okkur sjálf og viðskiptavini og því að leita leiða til að auka skilvirkni og nýta tækni með markvissum hætti. Þannig viljum við stuðla að sem mestum ávinningi fyrir fólk, umhverfi og samfélag með hagsæld að leiðarljósi en lágmarka um leið neikvæð áhrif af starfsemi okkar.**

Við byggjum markmið okkar á þeim þáttum sem fram komu í mikilvægisgreiningu og skilgreindum í kjölfarið mælikvarða og aðgerðir sem ráðast þarf í til að ná markmiðum okkar. Markmið og nánari stefna í sjálfbærni hefur verið fléttuð inn í heildarstefnu félagsins og birtist einnig í köflunum hér á eftir.

Það er okkur mikilvægt sem fyrirtæki að leggja okkar af mörkum í átt að sjálfbærari heimi. Það gerum við ekki bara með vinnu að eigin markmiðum í sjálfbærni heldur einnig á samstarfsvettvangi fyrirtækja og stofnana sem hafa það að markmiði að auka sjálfbærni í heiminum.

## Drifkraftar

### Ánægt starfsfólk

Við erum eftirsóknarverður vinnustaður með fjölbreytt og framúrskarandi starfsfólk.

### Augljóst val viðskiptavina

Við förum framúr væntingum viðskiptavina og sköpum þeim verðmæti með sérþekkingu okkar og breiðu þjónustuúrvali.

### Jákvæð áhrif á samfélagið

Við tryggjum sjálfbærni í starfsemi okkar og höfum jákvæð áhrif á samfélagið.

### Betri saman

Með því að nýta breiða þekkingu okkar og fjölbreyttan bakgrunn til hagsbóta fyrir starfsfólk og viðskiptavini erum við betri saman.

### Skilvirkni

Við leitum sífellt leiða að bæta ferla og nýtum tækni með markvissum hætti fyrir okkur og okkar viðskiptavini.

## Undirstöður

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# KPMG er aðili að eftirfarandi samstarfsverkefnum

## Festa — miðstöð um sjálfbærni

Ásamt um 180 öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Við höfum einnig ritað undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.

**Vefur Festu**

## Grænvangur

Samstarfsvettvangur atvinnulífsins og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir.

**Vefur Grænvangs**

## IcelandSIF

Samtök um ábyrgar fjárfestingar, ásamt helstu aðilum fjárfestinga- og eignastýringafyrirtækjum landsins.

**Vefur IcelandSIF**

## UN Global Compact

Vettvangur sem byggir á skuldbindingum forstjóra um að innleiða almennar sjálfbærnireglur og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

**Vefur UN G.C.**



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

## Stjórnskipulag sjálfbærni

Skýr ábyrgð á sjálfbærni í efsta stjórnunarlagi ásamt vel skilgreindum ábyrgðarhlutverkum er að okkar mati einn af lykilþáttum í að ná árangri í sjálfbærni. Þess vegna skilgreindum við stjórnskipulag sjálfbærni hjá fyrirtækinu. Stjórnskipulagið er sem hér segir og er samþykkt af framkvæmdastjóra félagsins:

- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á sjálfbærni hjá félaginu og hefur yfirsýn og eftirlit með henni. Þá samþykkir framkvæmdastjóri og ber ábyrgð á stefnu félagsins í sjálfbærni. Auk þess skipar framkvæmdastjóri sjálfbærninefnd sem fer með umsjón sjálfbærni hjá félaginu og er jafnframt formaður nefndarinnar.

- Stjórn og framkvæmdastjórn skulu vera upplýstar um sjálfbærni hjá félaginu. Þá skulu þau sem skipa framkvæmdastjórn hafa góða yfirsýn yfir sjálfbærni á sínu starfssviði og bera ábyrgð á innleiðingu sjálfbærni á starfssviði sínu.

- Sjálfbærninefnd hefur umsjón með innleiðingu sjálfbærni hjá KPMG, undirbýr stefnur og áætlanir á sviði sjálfbærni og skal vera stjórn, framkvæmdastjórn og stjórnendum til upplýsinga um sjálfbærnitengd málefni félagsins. Nefndin ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra. Í nefndinni sitja auk framkvæmdastjóra, fjármálastjóri, mannauðsstjóri, forstöðumaður viðskiptaþróunar, einn hluthafi og sérfræðingur á sviði sjálfbærni.

- Hjá félaginu starfar einnig sjálfbærniteymi sem hefur sérfræðiþekkingu á öllum sviðum sjálfbærni og hefur það meginmarkmið að vinna með viðskiptavinum. Auk þess er það sjálfbærninefnd, framkvæmdastjórn og stjórn félagsins til upplýsinga og stuðnings við sjálfbærnivegferð félagsins.

## Gagnsæi

Sjálfbærninefnd félagsins og framkvæmdastjóri rýna árlega stefnu félagsins í sjálfbærni. Stefnan er birt í þessari skýrslu sem er aðgengileg á vef félagsins.

Skýrsla þessi nær til starfsársins 1. október 2021 til 30. september 2022.

## Markverður árangur á árinu

Stjórnskipulag sjálfbærni skilgreint formlega og samþykkt af framkvæmdastjóra.

Nánari markmið, mælikvarðar og aðgerðir settar fram sem byggja á mikilvægisgreiningu okkar.

Sjálfbærnistefna félagsins samþætt við heildarstefnu félagsins.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Mikilvægismat

**Starfsemi okkar hefur áhrif á umhverfi, efnahag og það samfélag sem við störfum í. Það er okkur því mikilvægt að gera okkur grein fyrir og skilja þau áhrif, bæði neikvæð og jákvæð. Eins er mikilvægt að skilja þau áhrif sem sjálfbærni getur haft á starfsemi okkar. Til að geta aukið jákvæð áhrif og dregið úr neikvæðum með skipulögðum hætti er mikilvægt að þekkja hvar við getum haft áhrif.**

Það er gert með því að gera mikilvægismat. Á starfsárinu 2021 gerðum við slíkt mat á starfsemi fyrirtækisins. Matið byggði á greiningartóli frá KPMG Global þar sem búið er að kortleggja mikilvægustu sjálfbærnitengdu þættina út frá atvinnustarfsemi og er þar fyrst og fremst horft til hvernig sjálfbærni hefur fjárhagsleg áhrif á fyrirtækið okkar.

Í starfsemi okkar eru það félagslegir þættir og stjórnarhættir sem vega þyngst í matinu og skipta starfsemi okkar mestu máli. Það þýðir að í gegnum þessa þætti getum við haft meiri jákvæð áhrif og dregið meira úr neikvæðum áhrifum á starfsemi okkar. Þrátt fyrir að við getum ekki haft mikil bein áhrif á umhverfið leggjum við okkar að mörkum með áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nánar er fjallað um mikilvægustu þættina í starfsemi okkar í næstu köflum.

Að okkar mati er mikilvægismat grunnþátturinn í árangursríkri innleiðingu sjálfbærni hjá fyrirtækjum og stofnunum. Aukin áhersla á mikilvægisgreiningu í nýrri löggjöf Evrópusambandsins og víðar um heim styður það mat okkar. Þess vegna höfum við sett okkur það markmið að yfirfara og uppfæra mikilvægisgreiningu með reglulegu millibili með áherslu á tvöfalt mikilvægi (e. double materiality).* Á starfsárinu 2022-2023 er markmið okkar að yfirfara mikilvægisgreiningu okkar með áherslu á tvöfalt mikilvægi og meta þannig bæði fjárhagslegt mikilvægi og áhrifa mikilvægi.



* Tvöfalt mikilvægi (e. double materiality) er annars vegar fjárhagslegt mikilvægi (e. financial materiality) og hins vegar áhrifa mikilvægi (e. impact materiality). Fjárhagslegt mikilvægi er þegar metið er hvernig sjálfbærni hefur áhrif, hvort sem er jákvæð eða neikvæð, á starfsemi skipulagsheilda (e. ‚outside-in' perspective) meðan áhrifa mikilvægi er þegar metið er hvernig starfsemi skipulagsheilda getur haft jákvæð og/eða neikvæð áhrif á umhverfið og samfélagið sem þau starfa í (e. ‚inside-out' perspective).

KPMG

Frá framkvæmdastjóra

**REKSTUR & STARFSEMI**

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

**SJÁLFBÆRNI**

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

**Almenn starfsánægja og helgun í starfi mælist nú 87% sem er 5% hærra samanborið við starfsárið á undan.**

**Til viðbótar við árlega starfsánægju-könnun voru teknar upp púlskannanir sem mæla þætti sem snúa að vellíðan, samskiptum, vexti í starfi og starfs-ánægju starfsfólks.**



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Fólk (félagslegir þættir)

**Við erum þekkingar- og þjónustufyrirtæki þar sem verðmæti okkar liggja fyrst og fremst í færni og þekkingu starfsfólk. Mikilvægisgreining okkar sýnir þetta glögglega þar sem félagslegi þátturinn er sá sem við getum haft sem mest áhrif í gegnum, ekki síst því sem snýr að starfsfólki.**

## Fjölbreytileiki og inngilding

Í gegnum tíðina höfum við byggt starfsemi okkar á frekar einsleitum hópi starfsfólks, rétt eins og hjá mörgum sambærilegum vinnustöðum hér á landi. Á síðustu árum höfum við lagt okkur fram við að auka fjölbreytileika starfsfólks enda teljum við að með hópi með ólíkan reynsluheim, þekkingu og sjónarmið getum við sem best þjónað viðskiptavinum okkar og samfélaginu.

Á starfsárinu 2022 innleiddum við nýja vinnustaðastefnu byggða á breyttum atvinnumarkaði og væntingum starfsfólks okkar. Leiðarljós stefnunnar eru traust, góð samskipti og sveigjanleiki. Áhersla stefnunnar er að bjóða upp á fjölbreytt, heilbrigt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk getur verið það sjálft, unnið við það sem því finnst skipta máli, aflað sér áframhaldandi þekkingar og látið til sín taka.

Auk stefnunnar settum við í loftið verkefni undir heitinu Betri saman. Meginmarkmið þess er að nýta breiða þekkingu starfsfólks okkar til hagsbóta fyrir viðskiptavini og samfélagið. Við höfum unnið að þessu markmiði með því að vinna markvisst að auknu samstarfi milli hópa og sviða fyrirtækisins í verkefnum en ekki síður með bættri og sveigjanlegri vinnuaðstöðu, nýjum samskiptatækjum og aukinni samveru.

Í anda þess að geta verið við sjálf og vinna að auknum fjölbreytileika og inngildingu (e. inclusion) ólíkra einstaklinga buðum við upp á tvö fræðsluerindi á árinu sem allt starfsfólk fékk boð á. Annars vegar var fræðsluerindi um jákvæða karlmennsku og hins vegar um hinseginleikann á vinnumarkaði, en í báðum erindum var fjallað um hvernig einstaklingar geti stutt við aukið jafnrétti. Þá var nýju námskeiði sem snýr að fjölbreytileika og inngildingu bætt við nýliðafræðslu

Þá tók KPMG á heimsvísu þátt í Pride mánuði í júní með viðburði sem opinn var öllu starfsfólki á heimsvísu. Á viðburðinum sögðu hinsegin einstaklingar, í starfi hjá KPMG, sögu sína og fjallað var um hvernig við getum öll búið til öruggt og stuðningsríkt starfsumhverfi.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

# Heilsa og vellíðan

Einn af þremur drifkröftum stefnu okkar er ánægt starfsfólk. Því viljum við ná fram með því að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og samanstendur af fjölbreyttum hópi starfsfólks sem líður vel.

Á starfsárinu 2022 unnum við að tveimur stórum verkefnum sem tengjast heilsu og vellíðan starfsfólks. Annars vegar breytingar á húsnæði okkar og aðstöðu og hins vegar að fá betri upplýsingar um líðan starfsfólks í vinnunni. Einn af grunnþáttunum í breytingum á húsnæði snéri að því að bæta vellíðan starfsfólk í vinnunni með því að bjóða upp á fjölbreyttari aðstöðu en ekki síður að bættum hljóð- og loftgæðum. Umfjöllun um breytingar á húsnæði og aðstöðu er að finna í kaflanum Jörðin.

Til að auka þekkingu stjórnenda á líðan starfsfólks í vinnu var í fyrsta sinn gert sálfélagslegt áhættumat. Matið var kynnt öllu starfsfólki áður en það fór fram. Í kjölfar þess að niðurstöður matsins voru kynntar var fjallað um streitu og álag í starfi. Í grunninn kom matið vel út en 86% svarenda sögðust sammála því að þau upplifðu líkamlegt og andlegt öryggi á vinnustað. Fleiri þættir voru kannaðir og var matið tekið til umræðu meðal stjórnenda og aðgerðir til úrbóta ákveðnar.

Þá var árleg starfsánægjukönnun lögð fyrir starfsfólk í lok starfsársins. Almenn starfsánægja og helgun í starfi mælist nú 87% sem er 5% hærra samanborið við starfsárið á undan. Til viðbótar við árlega starfsánægjukönnun voru á árinu, teknar upp svokallaðar púlskannanir sem mæla ýmsa þætti sem snúa að vellíðan, samskiptum, vexti í starfi og starfsánægju starfsfólks. Kannanirnar eru sendar út nokkurn veginn á mánaðarfresti og höfðu í lok starfsárs verið sendar út sjö sinnum.

Meðaltal niðurstaðna allra þátta heilt yfir var 7,5 af 10 mögulegum. Starfsánægja þar mælist 7,7 og jafnvægi milli vinnu og einkalífs 6,5. Í sálfélagslega áhættumatinu var einnig spurt hversu sammála starfsfólki væri því að auðvelt væri að samræma vinnu og einkalíf. Niðurstöðurnar voru að stór hluti starfsfólks telur það auðvelt eða 68%.

Auk þess að fylgjast með og vera vakandi yfir heilsu og vellíðan getur starfsfólk fengið greidda allt að þrjá tíma á ári hjá sálfræðingi hvort sem er í gegnum fyrirtækið eða á eigin vegum. Þá fékk allt starfsfólk að gjöf fyrir jólin G-vítamín dagatal Geðhjálpar sem einnig var framlag félagsins í styrktarsjóð geðheilbrigðis á vegum Geðhjálpar.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

Fyrirtækið hefur almennt lagt upp úr því að vera heilsuhvetjandi vinnustaður og hefur allt starfsfólk einnig kost á því að fá árlegan heilsustyrk greiddan sem og samgöngustyrk. Þar að auki eru starfræktir mismunandi hreyfingartengdir hópar innan félagsins, til að mynda boot camp hópur, hlaupahópur, fótboltahópur og fjallgönguklúbbur. Einnig er lögð áhersla á að mötuneyti og veitingar séu með fjölbreyttu og heilsusamlegu sniði.

## Samskipti við nærsamfélagið

Helsta framlag okkar til nærsamfélagsins er í formi þekkingarmiðlunar. Við höldum reglulega viðburði og fræðslufundi á málefnasviðum sem við höfum sérþekkingu á og miðlum þannig kunnáttu okkar og niðurstöðum úttekta til áhugasams fólks og fyrirtækja. Nánar má lesa um viðburði sem við höfum haldið á starfsárinu í ársyfirliti okkar. Þá höldum við reglulega námskeið fyrir viðskiptavini og almenning, einkum á sviði reikningsskila auk þess sem starfsfólk okkar kennir við ýmsar menntastofnanir og heldur fræðsluerindi hjá fyrirtækjum og félögum.

## Þjálfun og endurmenntun

Það er mikilvægt fyrir fyrirtækið að starfsfólk okkar sé vel þjálfað og hafi rétta þekkingu fyrir þau verkefni sem unnið er að á hverjum tíma. Þess vegna leggjum við áherslu á að starfsfólk sæki sér endurmenntun og afli sér og viðhalda þekkingu sinni og hæfni.

Á starfsárinu fór allt starfsfólk okkar í gegnum reglubundna þjálfun á sviði viðskiptasiðferðis og gagnaöryggis auk þess sem nýtt starfsfólk fór í gegnum nýliðafræðslu bæði innan fyrirtækisins hér á landi og hjá lærdómssetri okkar í Lettlandi sem við rekum ásamt systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Þá sótti hluti starfsfólk ýmis starfstengd námskeið á vegum fyrirtækisins og utan þess. Á starfsárinu var einnig unnið að því að auka aðgengi starfsfólks að fræðslu og námskeiðum og í nóvember 2022 var innleitt rafrænt fræðslutól sem veitir starfsfólki aðgang að fjölda fjölbreyttra fræðslutækifæra.

Í fyrsta sinn héldum við fræðslu fyrir starfsfólk um sjálfbærni. Haldin voru fræðsluerindi fyrir öll svið fyrirtækisins þar sem meðal annars var lögð áhersla á hvernig sjálfbærni gæti tengst starfi hvers sviðs. Auk þess hefur starfsfólk möguleika á að sækja sér námskeið á vegum Dale Carnegie niðurgreidd af KPMG, sem og námskeið á vegum Dokkunnar.

**“Starfsfólk KPMG getur nýtt sem nemur einum launuðum degi yfir árið í samfélagsleg verkefni að eigin vali.**

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Mikilvægir áhættuþættir og markmið

## Fjölbreytileiki, inngilding og réttsýni

Við leggjum áherslu á að skapa fyrirtækjamenningu þar sem við getum verið við sjálf, starfsfólk hefur jöfn tækifæri og finnst það metið að verðleikum. Við vinnum eftir heildarstefnu félagsins auk vinnustaðastefnu okkar og viljum auka fjölbreytileika og samheldni starfshópsins því það er trú okkar að við séum betri saman bæði fyrir viðskiptavini og samfélagið. Við höldum áfram að vinna að skýrum viðbragðsáætlunum sem taka á einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi ásamt innleiðingu jafnréttisáætlunar.

**Meðal markmiða:**

- Vinna að sem jöfnustu kynjahlutfalli meðal stjórnenda.
- Virk innleiðing jafnréttisáætlunar.

## Heilsa og vellíðan

Við leggjum áherslu á heilbrigt, öruggt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi svo starfsfólki líði vel og geti verið skilvirkt og afkastamikið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita stuðning og innleiða verkefni til að tryggja góða andlega og líkamlega líðan starfsfólks.

**Meðal markmiða:**

- Viðhalda yfir 85% starfsánægju og helgun i starfi í árlegri starfsánægjukönnun.
- Ánægja með samræmingu vinnu og einkalífs verði að meðtali yfir 7,0 í lok starfsársins 2023.
- Meðaltalshlutfall í púlskönnunum verði 8,0 í lok starfsársins 2023.

## Þjálfun og endurmenntun

Við viljum að starfsfólk okkar fái tækifæri til að þjálfa sig og endurmennta. Við veitum aðgang að sjálfsnámstækjum sem bjóða upp á mikið magn efnis á ólíkum sviðum. Áhersla er lögð á góða þjálfun í upphafi starfs auk þess sem árleg þjálfun er á ákveðnum sviðum fyrir allt starfsfólk. Í samstarfi við systurfyrirtæki okkar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum rekum við alhliða þjálfunarmiðstöð fyrir starfsfólk okkar. Þá sækja löggiltir endurskoðendur reglulega þjálfun samkvæmt lögum nr. 94/2019.

**Meðal markmiða:**

- Auka vitund og þekkingu starfsfólks um sjálfbærni bæði í fyrirtækjarekstri og í einkalífinu.

## Samskipti við nærsamfélagið

Við viljum leggja okkar af mörkum til samfélagsins sem við störfum í. Við teljum að við getum haft mest jákvæð áhrif í gegnum þá þekkingu sem starfsfólk okkar hefur. Í ljósi þess viljum eiga í góðu samstarfi við menntastofnanir, sprotafyrirtæki og aðra aðila í samfélaginu sem geta notið góðs af þekkingarmiðlun okkar.

**Meðal markmiða:**

- Auka vitund og notkun starfsfólks á launuðum tímum til samfélagsverkefna.
- Reglubundin fræðsla og þekkingarmiðlun til hagaðila okkar og almennings.

Við höfum breytt heitum í á þremur mikilvægisþáttum okkar frá skýrslu okkar fyrir árið 2021. Það gerum við til samræmis við þá orðanotkun sem algengust er í íslensku máli í dag. Þannig hét kaflinn Fjölbreytileiki, inngilding og réttsýni áður Menning án aðgreiningar og fjölbreytni, kaflinn Þjálfun og endurmenntun hét áður Símenntun og loks hét kaflinn Samskipti við nærsamfélagið áður Samfélagsþátttaka.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

## Hlutfall kvenna




## Starfsþjálfun

**95 klst**

á hvert stöðugildi

84 árið 2021

## Starfsmannavelta




## Heilsa og öryggi

**4,1%** fjarvera vegna veikinda

4,0% árið 2021

**10,1** veikindadagar á einstakling

9,4 árið 2021

**86%** starfsfólks upplifir sig öruggt á vinnustaðnum

## Aldursskipting




## Launajafnræði

**1,00** **1,37**

miðgildi launa 1,33 árið 2021

**2,6%** óútskýrður launamunur karlmönnum í vil

2,8% árið 2021

**55%**

starfsfólks þekkir viðbragðs-áætlun fyrirtækisins ef upp kemur einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og/eða ofbeldi

## Þjóðerni



**12** einstaklingar með annað móðurmál en íslensku

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

KPMG

**KPMG leggur áherslu á að starfsfólk hafi aðgang að upplýsingum um loftslagsmál sem og önnur sjálfbærnimálefni. Árið 2021 settum við í loftið kolefnisreiknivél sem starfsfólk getur reiknað kolefnisfótspor sitt.**

**Á starfsárinu 2022 héldum við fræðsluerindi fyrir starfsfólk um sjálfbærni og hófum undirbúning að frekara fræðsluefni um sjálfbærnitengd málefni sem birt verða á innri vef okkar á næstu mánuðum.**



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Stjórnarhættir

Við veitum víðtæka sérfræðiþjónustu til fjölbreytts hóps viðskiptavina sem koma af öllum sviðum atvinnulífsins sem og frá hinu opinbera og þriðja geiranum. Starfsemi okkar og þjónusta byggir á trausti og áreiðanleika og viljum við vera fremst í flokki á því sviði meðal fyrirtækja sem veita sambærilega þjónustu.

Grunnþjónusta okkar gegnir lykilhlutverki í að skapa traust á fjármálamörkuðum og skapa þannig verðmæti fyrir samfélagið. Vegna þessa eru góðir og sanngjarnir stjórnarhættir einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi okkar.

## Gagnaöryggi

Vernd og öryggi upplýsinga og gagna er ein af grunnstoðum þess að geta rekið traust og áreiðanlegt þekkingarfyrirtæki og er því gagnaöryggi einn af grundvallarþáttum í starfsemi okkar. KPMG Global setur grunnviðmið og kröfur til aðildarfélaga sinna um upplýsingaöryggi og byggja þær kröfur m.a. á þekktum stöðlum á borð við ISO 27001 og ISO 27002. Auk þess höfum við innleitt eftirlitsþætti sem taka mið af íslenskum lögum og reglugerðum. Við höfum sett okkur skjalfesta upplýsingaöryggisstefnu og skipulagt stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem rekstur upplýsingatækniumhverfis okkar byggir á.

Skipulagt innra eftirlit er á stjórnkerfinu bæði hjá okkur og af KPMG Global. Hjá félaginu er starfandi upplýsingaöryggisstjóri, persónuverndarfulltrúi og upplýsingaöryggisnefnd. Þá fær starfsfólk okkar árlega þjálfun í gagnaöryggi og persónuvernd og staðfestir að það starfi í samræmi við notendaskilmála er meðal annars varða vernd upplýsinga og viðeigandi notkun tæknibúnaðar og upplýsingakerfa.

## Viðskiptasiðferði og gæðamál

Grunngildi í öllu okkar starfi eru heilindi og að gera það sem er rétt. Með það að leiðarljósi ásamt hinum fjóru gildunum okkar um framúrskarandi árangur, hugrekki, samheldni og til hins betra og skýrum siðareglum leitumst við, í gegnum starf okkar með viðskiptavinum, að breyta samfélaginu til hins betra.

Allt starfsfólk okkar og hluthafar staðfesta árlega að það starfi í samræmi við siðareglur. Þau fá árlega þjálfun í því að starfa af heilindum sem er auk þess til þess fallin að auka vitund um hugsanleg misferli svo sem spillingu og mútur. Innan félagsins eru ferli sem gerir starfsfólki kleift að tilkynna grun um misferli bæði nafnlaust og undir nafni. Um árabil hefur hlutfall starfsfólks sem staðfestir siðareglur og sækir þjálfun á þessu sviðið verið 100%.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld




KPMG á heimsvísu starfrækir alþjóðlega ábendingalínu þar sem bæði starfsfólk og hagaðilar geta tilkynnt grun um misferli með nafnlausum hætti og í gildi er skilgreint ferli sem fer í gang ef tilkynning berst.

Sem endurskoðunarfyrirtæki er okkur skylt að fara eftir ströngum kröfum um gæði, óhæði og siðferði. Auk siðareglna frá KPMG Global vinnum við einnig í samræmi við siðareglur alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) og í samræmi við lög um endurskoðun og endurskoðendur. Árlega er gerð úttekt á fylgni starfsfólks við óhæðisreglur. Á starfsárinu 2022 lauk einnig innleiðingu okkar á gæðastaðli ISQM1 frá IFAC.

## Gagnsæi og áhrif í virðiskeðjunni

Við leggjum áherslu á að starfsfólk okkar hafi aðgang að upplýsingum um loftslagsmál sem og önnur sjálfbærnimálefni. Árið 2021 settum við í loftið kolefnisreiknivél sem allt starfsfólk hefur aðgengi að og getur reiknað kolefnisfótspor sitt. Á starfsárinu 2022 héldum við fræðsluerindi fyrir starfsfólk um sjálfbærni og höfum undirbúning að frekara fræðsluefni um sjálfbærnitengd málefni sem birt verða á innri vef okkar á starfsárinu 2023.

Sem endurskoðunarfyrirtæki gefum við árlega út gagnsæisskýrslu þar sem starfsemi og stjórnarháttum er lýst nánar. Gagnsæisskýrslur okkar eru birtar á vefsíðu fyrirtækisins. Auk gagnsæisskýrslu gáfum við út okkar fyrstu árs- og sjálfbærniskýrslu fyrir starfsárið 2021. Það er stefna okkar að gera slíkt árlega og birta opinberlega á vef okkar.

## Mikilvægir áhættuþættir og markmið

### Stjórnskipulag og yfirsýn

Við störfum í samræmi við íslensk lög og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við höfum skilgreint skýr ábyrgðarhlutverk á sviði sjálfbærni þar sem framkvæmdastjóri fer með ábyrgð á sjálfbærni félagsins og stjórn og framkvæmdastjórn fá reglulega upplýsingar. Við viljum flétta sjálfbærni inn í alla starfsemi félagsins og höfum þegar samþætt stefnu okkar í sjálfbærni í heildarstefnu félagsins. Verklagsreglur okkar tryggja vernd uppljóstrara og í samstarfi við KPMG Global geta hagaðilar og starfsfólk tilkynnt grun um misferli með nafnlausum hætti. Hjá okkur er virkt innra eftirlit sem kemur inn á flesta þætti starfseminnar.

**Meðal markmiða:**

- Uppfæra mikilvægismat með áherslu á fjárhagslegt- og áhrifa mikilvægi (e. double materiality).
- Koma á fót reglulegu eftirliti með aðgerðaáætlun.
- Viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í stjórn og framkvæmdastjórn.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

## Viðskiptasiðferði

Við höfum skuldbundið okkur til að tryggja að bæði starfsfólk okkar og samstarfsaðilar starfi í samræmi við meginreglur, gildi félagsins og siðareglur. Allt starfsfólk og hluthafar staðfesta árlega fylgni við siðareglur. Við störfum samkvæmt skýrum verklagsreglum og höfum virkt innra eftirliti með flestum þáttum starfsemi okkar. Með því tryggjum við sem best sjálfstæði okkar og fyrirbyggjum hagsmunaárekstra í starfi.

**Meðal markmiða:**

- Viðhalda 100% hlutfalli hjá starfsfólki og hluthöfum sem staðfestir að það starfi samkvæmt siðareglum og sækir árlega þjálfun um aðgerðir gegn mútum og spillingu.

## Gagnaöryggi

Við verndum upplýsingatækniumhverfi okkar, afurðir og gögn viðskiptavina og höfum það að markmiðið að lágmarka áhættu. Þetta gerum við meðal annars með því að þjálfa starfsfólk í gagnaöryggi, vakta öryggi upplýsingakerfa og hafa skýrar verklagsreglur og ferla um uppfærslur upplýsingaeigna og viðbragða við gagnaöryggisbrotum.

**Meðal markmiða:**

- Lágmarka áhættu á gagnaöryggisbrotum og bregðast ávallt við slíkum brotum í samræmi við lög og verklagsreglur.
- Viðhalda 100% hlutfalli hjá starfsfólki og hluthöfum sem sækir árlega þjálfun um gagnaöryggi.

## Skýrslugjöf og samskipti við hagaðila

Við viljum halda góðum tengslum við helstu hagaðila okkar og viljum eiga við þá opið samtal um þróun, tækifæri og áhættu til að geta betur greint þær sjálfbærniáherslu sem eru okkur og hagaðilum okkar mikilvægar. Við gefum árlega út árs- og sjálfbærniskýrslu þar sem við gerum grein fyrir starfsemi félagsins, lykiltölum úr ársreikningi og áhrifum okkar, jákvæðum og neikvæðum, á sjálfbærni.

**Meðal markmiða:**

- Gera hagaðilakönnun samhliða nýju mikilvægismati.
- Útgáfa árs- og sjálfbærniskýrslu vegna starfsársins 2022-2023 fyrir árslok 2023.

## Áhrif virðiskeðjunnar

Við viljum tryggja með sem bestum hætti að vörur og þjónusta sem við kaupum séu sanngjörn, umhverfisvæn og siðferðislega ábyrg. Auk þess styðjum við viðskiptavini okkar og starfsfólk á sjálfbærnivegferð þess.

**Meðal markmiða:**

- Uppfæra innkaupastefnu og ferli sem tryggir á sem bestan hátt að innkaup okkar séu sanngjörn, umhverfisvæn og siðferðislega ábyrg.
- Vinna efni um sjálfbærni, vegferð okkar og hvernig starfsfólk getur stuðlað að sjálfbærari lífsháttum og gera öllu starfsfólki aðgengilegt.
- Halda áfram að samtvinna sjálfbærni í samtal og þjónustu við viðskiptavini.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Áhrifamælaborð stjórnarhátta

## Siðferði

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa staðfest að það fylgi siðareglum

✓ Menntunar- og þjálfunaráætlun tengd siðferði



## Ráðstafanir gegn spillingu

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa fengið þjálfun í aðgerðum gegn mútum og spillingu

✓ KPMG fylgir stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn mútum og spillingu

## Vernd uppljóstrara

✓ Hagaðilar og starfsfólk getur tilkynnt grun um misferli með nafn-lausum hætti

## Upplýsingaöryggi

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa fengið þjálfun um gagnaöryggi

✓ Skjalfest upplýsinga-öryggisstefna

✓ Markvisst eftirlit byggt á viður-kenndum stöðlum

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

**“**

**Hluti af þarfagreiningu vegna endurbóta á skrifstofum okkar á höfuðborgarsvæðinu var að leita til starfsfólks um hvað þau teldu mikilvægast að til staðar væri til að skapa góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu. Niðurstöðurnar sýndu að loftgæði og hljóðvist voru efst á forgangslista starfsfólks.**

**Svansvottunin var valin umfram aðrar vottanir þar sem hún tekur til heilsusamlegs vinnuumhverfis ásamt umhverfisvænnar efnis-notkunar við endurbætur.**



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Jörðin (umhverfis og loftslagsmál)

Loftslagsváin er raunveruleg og við viljum leggja okkar af mörkum til að draga úr áhrifum loftslags-breytinga. Við gerum okkur grein fyrir að í stóra samhenginu eru bein áhrif okkar ekki veruleg en vitum að hvert skref sem tekið er í að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga skiptir máli. Við vitum líka að við getum haft óbein áhrif í umhverfis- og loftlagsmálum í gegnum viðskiptavini okkar.

Samkvæmt mikilvægismati okkar eru loftslagsbreyt-ingar og umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar þeir þættir sem við, sem fyrirtæki, getum haft sem mest áhrif á. Við höldum því áfram að vinna að kolefnis-hlutleysi árið 2030 en KPMG á heimsvísu hefur skuldbundið sig til að vera kolefnishlutlaust (e. net-zero) félag árið 2030. Sem hluta af þessari vegferð mældum við í fyrsta sinn á árinu 2021 beina losun okkar (umfang 1 og 2) aftur til ársins 2017 og tókum fyrstu skrefin að því að mæla óbeina losun okkar (umfang 3) í samræmi við GHG staðla. Á starfsárinu 2022 héldum við áfram að fylgjast með losun okkar og mældum losun með sama hætti og áður fyrir starfsárið. Markmið okkar á starfsárinu 2023 er að greina frekar losun okkar í umfangi 3, skilgreina skýrar aðgerðir til að draga úr losun og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur með vottuðum verkefnum.

## Svansvottaðar breytingar á húsnæði

Á árinu hófumst við handa við endurbætur á skrifstofuhúsnæði okkar í Borgartúni 27. Einnig tókum við á árinu í gagnið nýtt húsnæði við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði og á Akranesi. Þá höfum við gert áætlun um endurnýjun húsnæðis okkar landið um kring.

Hluti af þarfagreiningu vegna endurbótanna í Borgartúni 27 var að leita til starfsfólks um hvað þau teldu mikilvægast að til staðar væri til að skapa góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu. Niðurstöðurnar sýndu að loftgæði og hljóðvist voru efst á forgangs-lista starfsfólks. Þessar niðurstöður voru meðal annars þær sem réðu því að ákveðið var að vinna að því að fá Svansvottun á endurbæturnar. Svans-vottunin var valin umfram aðrar vottanir þar sem sú vottun tekur einnig til heilsusamlegs vinnuumhverfis en ekki eingöngu til umhverfisvænnar efnisnotkunar við endurbætur.



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

Sú þekking og reynsla sem við höfum aflað okkur í undirbúningi Svansvottunarinnar mun nýtast við aðrar breytingar á skrifstofuhúsnæði okkar, auk þess sem við getum þjónustað betur þá viðskiptavini sem leita til okkar vegna álíkra viðfangsefna.

Endurbætur á húsnæði okkar í Reykjavík stóðu enn yfir við lok starfsársins 2022 en áætlað er að þeim ljúki á fyrri hluta ársins 2023 og að þá hljóti endurbæturnar Svansvottun.

## Áhrif í virðiskeðjunni

Við getum ekki síst haft áhrif í umhverfis- og loftslagsmálum í starfi okkar með viðskiptavinum. Það er metnaður okkar að aðstoða viðskiptavini við að skilja umhverfis- og loftslagsmál og hvernig þeir geta aukið jákvæð áhrif og dregið úr neikvæðum áhrifum í starfsemi sinni.

Á árinu unnum við með fjölda viðskiptavina að því að skilja áhrif sín á umhverfi og loftslag, meðal annars með því að aðstoða við að skilgreina áhættu, mæla losun gróðurhúsalofttegunda, greina lífsferilsáhrif og staðfesta umhverfis- og loftslagsupplýsingar.

Ásamt því að vinna á innlendum markaði voru sérfræðingar sjálfbærniteymisins fengnir í verkefni í Kanada, Noregi, Danmörku og Þýskalandi til að aðstoða og leiða vinnu í umhverfis- og loftslagsmálum alþjóðlegra fyrirtækja.

## Mikilvægir áhættuþættir og markmið

### Loftslagsbreytingar

Á starfsárinu 2021 réðumst við í úttekt á losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi okkar. Við höldum áfram að fylgjast með og greina losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi okkar með markmið um kolefnishlutlausa starfsemi.

**Meðal markmiða:**

- Kolefnishlutlaus starfsemi árið 2030.
- Skilgreina frekari aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### Áhrif á virðiskeðjuna

Megnið af losun okkar er fólgin í losun upp og niður eftir virðiskeðjunni í umfangi 3. Við munum innleiða grænt innkaupaferli til að styðja við þetta markmið. Að auki leggjum við áherslu á að styðja viðskiptavini okkar og starfsfólk í þeirra eigin sjálfbærnivegferð.

**Meðal markmiða:**

- Öll innkaup fyrirtækisins fylgi sjálfbærri innkaupastefnu.
- Styðja við starfsfólk á eigin sjálfbærnivegferð.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

# Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

## Losun gróðurhúsalofttegunda (tCO2í)




## Losunarkræfni




## Orkunotkun í starfseminni

**1.413 MWh**

### Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa

| 100% | 99,5% | 96,9% |
|---|---|---|
| 2017-20 | 2021 | 2022 |

## Uppruni losunar gróðurhúsalofttegunda (tCO2í)




## Losun frá ferðum starfsfólks

**67,4 tonn CO2 ígildi**

Miðað við akstur til og frá vinnu og á vinnutíma. Lækkar um 9%

## Umhverfisstefna

KPMG fylgir formlegri umhverfisstefnu

Félagið setur sér markmið um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda

KPMG

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

**“**

**KPMG hefur lengi stutt við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Helsta framlag okkar til þeirra hefur verið í gegnum afslætti á þjónustu ásamt því að taka þátt í rekstri Musterisins sem er skrifstofuaðstaða fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.**

**Á starfsárinu var framlag okkar í formi 40 milljón króna afsláttar. Þá hefur starfsfólk okkar setið í dóm-nefndum, haldið fræðsluerindi og verið mentorar í nýsköpunarhröðlum. KPMG er einnig stuðningsaðili Gulleggsins, stærstu frumkvöðla-keppni landsins.**



Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld

# Hagsæld

Hagsæld er ein af grunnstoðum þess að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en áætlun Sþ um sjálfbæra þróun til ársins 2030 skilgreinir hagsælt samfélag sem samfélag þar sem jákvæðar breytingar eiga sér stað fyrir allt fólk. Þá hefur Alþjóðaefnahagsráðið einnig tilgreint hagsæld sem eina að meginstoðum í sjálfbærni, ásamt umhverfis- og loftslagsþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Hagsæld byggir skv. Alþjóðaefnahagsráðinu á þremur þáttum:

- Hagvexti sem byggir á mannsæmandi atvinnu, sjálfbæru lífsviðurværi, félagslegri vernd og aðgangi að fjármálaþjónustu fyrir öll.
- Nýsköpun og þróun til að skapa sameiginleg verðmæti.
- Sameiginleg velmegun og sanngjarnan vöxt sem byggir á sjálfbærri framleiðslu og neyslu.



Framlag starfsemi okkar til hagsældar fellur undir alla þrjá þættina. Sem vinnustaður veitum við starfsfólki okkar mannsæmandi og stöðuga atvinnu byggða á kjarasamningum sem stuðlar að sjálfbæru lífsviðurværi og félagslegri vernd. Við erum virk í stuðningi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og í gegnum vöruframboð okkar aðstoðum við fyrirtæki á margvíslegan hátt við að auka sjálfbæra framleiðslu og vinna að sameiginlegri velmegun.

## Starfsnám

Það er okkur mikilvægt að veita háskólanemendum aðgang að starfsnámi við hæfi sem bæði er áhugavert og hagnýtt fyrir nemendur og skapar virði fyrir þau og fyrirtækið. Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík tökum við á móti starfsnemum á hverju ári. Nemar í grunnnámi starfa í samtals 120 klst. og meistaranemar í 300 klst. og fá fyrir það einingar í námi sínu. Í gegnum tíðina hafa starfsnemar verið ráðnir til starfa í kjölfar starfsnáms. Af heildarfjölda starfsnema á síðasta starfsári voru 23% þeirra ráðin til starfa við lok starfsnáms.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI
Lykiltölur úr rekstri
Starfsemi
Endurskoðunarsvið
Ráðgjafarsvið
Bókhaldssvið
KPMG Law
Betri saman
Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI
Frá forstöðumanni
Sjálfbærnistefna
Mikilvægismat
Fólk (félagslegir þættir)
Stjórnarhættir
Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)
Hagsæld

## Stuðningur við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki

KPMG hefur lengi stutt við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki með margvíslegum hætti. Helsta framlag okkar hefur verið í gegnum afslætti á þjónustu til þeirra ásamt því að taka þátt í rekstri Musterisins sem er skrifstofuaðstaða fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Á starfsárinu var framlag okkar í formi afslátta til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja um 40 milljónir króna sem jafnast á við um tvö og hálft stöðugildi á ári. Þá hefur starfsfólk okkar setið í dómnefndum, haldið fræðsluerindi og verið mentorar í nýsköpunarhröðlum.




## Skattar

KPMG er stoltur skattgreiðandi og hefur síðastliðin ár reiknað skattspor sitt. Þar er að finna yfirlit yfir alla greidda skatta félagsins. Skattspor félagsins nam samtals 2.021 m.kr. á starfsárinu og greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta. 48% skatta félagsins voru greiddir til ríkisins, 31% til lífeyrissjóða og 20% til sveitafélaga. Gerð er grein fyrir helstu greiddu sköttum í áhrifamælaborði hér á eftir en heildarskýrsla skattspors KPMG er birt á vefsíðu félagsins.

KPMG á heimsvísu hefur sett sér meginreglur um ábyrga skattframkvæmd bæði fyrir fyrirtækið sjálft sem og í vinnu með viðskiptavinum. Meginatriði reglnanna er að uppfylla og virða öll lög og reglur er snúa að skattamálum og krefjast þess sama af starfsfólki okkar og viðskiptavinum okkar. Til að uppfylla þetta eru skattframtöl eigenda KPMG á Íslandi yfirfarin af sérfræðingum okkar og árleg úttekt á úrtaki skattframtala eigenda framkvæmd af KPMG á heimsvísu.

## Mikilvægir áhættuþættir og markmið

### Atvinna og verðmætasköpun

Sem hluti af íslensku atvinnulífi stefnum við að því að halda áfram að vera markmiðadrifið fyrirtæki, skapa þýðingarmikil störf, fjárfesta í sjálfbærri tækni ásamt rannsóknum og þróun, viðhalda trausti á fjármálamörkuðum með vandaðri endurskoðun og greiða sanngjarnan hlut í skatta auk þess að leggja okkar að mörkum við að viðskiptavinir okkar stundi löglega, gagnsæja og sjálfbæra viðskiptahætti sem byggja undir blómlegt nýsköpunarhagkerfi fyrir allt fólk.

**Meðal markmiða:**

- Halda áfram að bjóða upp á hagnýtt starfsnám fyrir háskólanema.
- Viðhafa ábyrgar ráðningar með atvinnuöryggi að leiðarljósi.
- Halda áfram að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum stuðning í formi afslátta.
- Vera virkur og ábyrgur skattgreiðandi.
- Þróa og aðlaga vörur okkar á þann hátt að hjálpa viðskiptavinum okkar í átt að sjálfbærari rekstri.

Frá framkvæmdastjóra

REKSTUR & STARFSEMI

Lykiltölur úr rekstri

Starfsemi

Endurskoðunarsvið

Ráðgjafarsvið

Bókhaldssvið

KPMG Law

Betri saman

Þekkingarmiðlun

SJÁLFBÆRNI

Frá forstöðumanni

Sjálfbærnistefna

Mikilvægismat

Fólk (félagslegir þættir)

Stjórnarhættir

Jörðin (umhverfis- og loftslagsmál)

Hagsæld


# Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

## Skattar greiddir til samfélagsins (millj. kr.)




## Fjöldi ráðninga í fullt starf á árinu




## Stuðningur við sprotafyrirtæki

**40** millj. kr.

í formi afsláttar af þjónstu sem samsvarar um 2,5 stöðugildum á ári

## Efnahagslegt framlag

**í milljónum króna**

**5.891** Tekjur

5.303 árið 2021

**865** Rekstrar-kostnaður

776 árið 2021

**4.010** Launa-kostnaður

3.665 árið 2021

**470** Greiðslur til eigenda

250 árið 2021

## Starfsnám

**13** Starfsnemar

Þrír voru ráðnir til starfa að starfsnámi loknu

**Reykjavík**
Borgartúni 27

**Akranes**
Bárugötu 8-10

**Akureyri**
Glerárgötu 24

**Blönduós**
Húnabraut 13

**Borgarnes**
Bjarnarbraut 8

**Dalvík**
Ráðhúsi

**Egilsstaðir**
Fagradalsbraut 11

**Hafnarfjörður**
Reykjavíkurvegi 76

**Hella**
Þrúðvangi 5

**Höfn í Hornafirði**
Litlabrú 1

**Reyðarfjörður**
Austurvegi 20

**Reykjanesbær**
Krossmóa 4

**Sauðárkrókur**
Borgarmýri 1a

**Selfoss**
Austurvegi 4

**Stykkishólmur**
Aðalgötu 5

**Vestmannaeyjar**
Ægisgötu 2

Sími 545 6000

**kpmg.is**

©2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.